

Kárahnjúkavirkjun
Áhrif Hraunaveitu á gróður og fugla

Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson
og Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Unnið fyrir Landsvirkjun (LV-2001/026)

NÍ-01007

Reykjavík, apríl 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÍ

Reykjavík x
Akureyri

Skýrsla nr	Dags, Mán, Ár	Dreifing
NÍ-01007	apríl 2001	x Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill		Upplag 100
Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Hraunaveitu á gróður og fugla.		Fjöldi síðna 34
Höfundar Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001.		Verknúmer
Unnið fyrir Landsvirkjun (LV-2001/026).		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur		
<p>Hraunaveita er hluti af síðari áfanga fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar og samheiti yfir veitur af Hraunum og Múla til Jökulsár í Fljótsdal. Fjallað er um gróður á áhrifasvæði Hraunaveitu, einkum við Folavatn (Keldurárveita) og minnst á fugla.</p> <p>Samfelldur gróður er við Folavatn og er algengasta gróðurlendið í fyrirhuguðu lónstæði (ath. miðað við 668 m vatnsborð) stinnastararmói með víði (2,5 km²), þá koma snjóðældir (1,5 km²) og eru þær mestar um miðbik lónstæðisins. Um 58% svæðisins er gróið þurrlandi. Á milli, þar sem land stendur lægra og er þar af leiðandi blautara, dafnar votlendi (1,2 km²) eða um 17%.</p> <p>Keldurarlón mun sökkva 5–6 km² gróins lands umhverfis Folavatn. Landslag er þar fremur einsleitt en gróður allgróskulegur miðað við hæð yfir sjávarmáli. Heildarfjöldi plöntutegunda á svæðinu er vel ofan við meðallag miðað við önnur svæði á þessum slóðum. Á þetta við alla flokkana þ.e. háplöntur, mosa, fléttur og sveppi. Ekki hafa fundist þar sjaldgæfar tegundir háplantna og sveppa á landsvísu. Fjórar mosategundir teljast sjaldgæfar <i>Arctoa andersonii</i>, <i>Pseudocalliergon trifarium</i>, <i>Peltolepis quadrata</i> og <i>Sauteria alpina</i>. Af fléttum eru tvær tegundir sjaldgælar þ.e. <i>Ionaspis ventosa</i> og <i>Brodia oroartica</i>.</p> <p>Talsvert fuglalíf er við Folavatn en það hefur lítt verið kannað. Hávellur eru algengar, stöku álfapör verpa og stundum eru gæsir í fjaðrafelli, m.a. grágæsir, en þær eru afar strjálur í hálendinu.</p> <p>Keldurarlón verður miðlunarlón með mjög breytilegu vatnsborði. Líklegt er að vatnalíf í því verði afar fábreytt og mun minna en það sem nú þekkt er í Folavatni. Ekki er hægt að gera ráð fyrir miklu fuglalífi við lónið, nema hugsanlega á meðan næringarefni úr jarðvegi sem fer undir vatn skolast út.</p> <p>Sæmileg vitneskja er um helstu náttúrufarsþætti sem Keldurárveita gæti haft áhrif á; jarðfræðiminjar, vatnalíf, hreindýr og gróður. Kanna þarf fuglalíf, einkum varpfugla, og beita sömu aðferðum og notaðar hafa verið á öðrum áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar. Æskilegt er að gera vistgerðakort af lónstæðinu út frá fyrirbyggjandi gróðurkortlagningu.</p> <p>Um áhrif annarra veitna af Hraunum á náttúrufar er minna vitað. Lagt er til að flóra (háplöntur, mosar, fléttur og sveppi) verði könnuð á þeim svæðum sem ætlunin er að raska. Þar sem fuglalíf er væntanlega víðast hvar afar fábrotið og strjált er ekki talin ástæða til að rannsaka það, nema þá e.t.v. á stöku svæðum.</p>		
Lykilorð: háplöntur, mosar, fléttur, fuglar, virkjun, umhverfismat, aðkomugöng, Hraun, Folavatn, Fljótsdalsheiði, Jökulsá á Fljótsdal.		Yfirfarið

ÁGRIP

Hraunaveita er hluti af síðari áfanga fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar og samheiti yfir veitur af Hraunum og Múla til Jökulsár í Fljótsdal. Fjallað er um gróður á áhrifasvæði Hraunaveitu, einkum við Folavatn (Keldurárveita) og minnst á fugla.

Svæðið milli Jökulsár og Kelduár er nefnt Múli og er það víðast hvar vel gróið upp fyrir Folavatn. Hraun eru víðáttumikil háslétta þar fyrir austan og að mestu þakin melum og urðum, oft stórgrýttum. Gróðurfur er yfirleitt fremur einhæft enda snjóþyngsli mikil og svæðið í 700–800 m hæð yfir sjó. Þrátt fyrir að gróður sé hvorki hávaxinn né áberandi á þessum slóðum er landið miklu betur gróið en virðist við fyrstu sýn og er snjódældagróður ráðandi. Snjódældir með snjómosa og grasvíði eru mest áberandi og einnig finnast snjódældir með snænarfagrasi. Óvenju stór og samfelld snjódældasvæði skapa svæðinu sérstöðu.

Samfelldur gróður er við Folavatn og er algengasta gróðurlendið í fyrirhuguðu lónstæði (ath. miðað við 668 m vatnsborð) stinnastararmói með víði (2,5 km²), þá koma snjódældir (1,5 km²) og eru þær mestar um miðbik lónstæðisins. Um 58% svæðisins er gróið þurrlendi. Á milli, þar sem land stendur lægra og er þar af leiðandi blautara, dafnar votlendi (1,2 km²) eða um 17%.

Keldurárlón mun sökkva 5–6 km² gróins lands umhverfis Folavatn. Landslag er þar fremur einsleitt en gróður allgróskulegur miðað við hæð yfir sjávarmáli. Heildarfjöldi plöntutegunda á svæðinu er vel ofan við meðallag miðað við önnur svæði á þessum slóðum. Á þetta við alla flokkana þ.e. háplöntur, mosa, fléttur og sveppi. Ekki hafa fundist þar sjaldgæfar tegundir háplantna og sveppa á landsvísu. Fjórar mosategundir teljast sjaldgæfar *Arctoa andersonii*, *Pseudocalliergon trifarium*, *Peltolepis quadrata* og *Sauteria alpina*. Af fléttum eru tvær tegundir sjaldgæfar þ.e. *Ionaspis ventosa* og *Brodoa oroartica*.

Talsvert fuglalíf er við Folavatn en það hefur lítt verið kannað. Hávellur eru algengar, stöku álftapör verpa og stundum eru gæsir í fjaðrafelli, m.a. grágæsir, en þær eru afar strjálur í hálendinu.

Keldurárlón verður miðlunarlón með mjög breytilegu vatnsborði. Líklegt er að vatnalíf í því verði afar fábreytt og mun minna en það sem nú þekkt er í Folavatni. Ekki er hægt að gera ráð fyrir miklu fuglalífi við lónið, nema hugsanlega á meðan næringar-efni úr jarðvegi sem fer undir vatn skolast út.

Sæmileg vitneskja er um helstu náttúrufarsþætti sem Keldurárveita gæti haft áhrif á; jarðfræðiminjar, vatnalíf, hreindýr og gróður. Kanna þarf fuglalíf, einkum varpfugla, og beita sömu aðferðum og notaðar hafa verið á öðrum áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar. Æskilegt er að gera vistgerðakort af lónstæðinu út frá fyrirbyggjandi gróðurkortlagningu.

Um áhrif annarra veitna af Hraunum á náttúrufur er minna vitað. Lagt er til að flóra (háplöntur, mosar, fléttur og sveppir) verði könnuð á þeim svæðum sem ætlunin er að raska. Þar sem fuglalíf er væntanlega víðast hvar afar fábrotið og strjált er ekki talin ástæða til að rannsaka það, nema þá e.t.v. á stöku svæðum.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	3
1 INNGANGUR	7
2 STAÐILÆTTIR	8
2.1 Múli og Hraun	8
2.2 Folavatn	8
3 AÐFERÐIR	13
3.1 Gróðurkort	13
3.2 Gróðurathuganir	13
3.3 Athuganir á fuglum	13
4 KELDUÁRVEITA (FOLAVATN)	15
4.1 Gróðurkort og gróðurfar á áhrifasvæði Kelduárveitu	15
4.1.1 Bersvæðisgróður (melar)	16
4.1.2 Þurrlendisgróður	16
4.1.2.1 <i>Mosaþemba</i>	16
4.1.2.2 <i>Stimmastararmór</i>	17
4.1.2.3 <i>Snjódældagróður</i>	17
4.1.3 Votlendisgróður	17
4.1.3.1 <i>Deiglendi – jaðar</i>	17
4.1.3.2 <i>Mýri</i>	18
4.1.3.3 <i>Flói</i>	18
4.2 Flóra á áhrifasvæði Kelduárveitu	18
4.2.1 Háplöntur	18
4.2.2 Mosar	19
4.2.3 Fléttur	19
4.2.4 Sveppir	20
4.3 Fuglar á áhrifasvæði Kelduárveitu	20
4.4 Kelduárveita – samantekt	21
5 FREKARI RANNSÓKNIR	23
5.1 Kelduárveita	23
5.2 Aðrar veitur á Hraunum	23
6 HEIMILDIR	25
7 VIDAUKAR	27
1. viðauki. Háplöntur við Folavatn	27
2. viðauki. Mosar við Folavatn	29
3. viðauki. Fléttur við Folavatn	31
4. viðauki. Sveppir við Folavatn	33
5. viðauki. Skýringar við gróðurkort af nágrenni Folavatns (2. mynd)	34
MYNDIR	
1. mynd. Gróðurkort af Hraunum	9
2. mynd. Gróðurkort af nágrenni Folavatns	11
TÖFLUR	
1. tafla. Flatarmál gróðurlenda í Kelduárlóni eldra (668 m. y.s.)	15
2. tafla. Fjöldi plöntutegunda við Folavatn	18

1 INNGANGUR

Hraunaveita er hluti af síðari áfanga fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar og samheiti yfir veitur vatnsfalla af Hraunum og Múla. Árnar eru frá austri: Sultarranaá, Fellsá, Ytri-Sauðá, Innri-Sauðá, Grjótá og Kelduá. Sú síðastnefnda verður stífluð skammt neðan Folavatns og við það myndast svonefnt Kelduárlón sem verður 8 km² miðlunarlón. Vatni úr ám austan af Hraunum verður veitt í lónið og þaðan til Jökulsár í Fljótsdal um um göng í aðveitugöng Kárahnjúkavirkjunar.

Hér verður fjallað áhrif Hraunaveitu á gróður og fugla. Þessi samantekt er hluti þeirra rannsókna sem Náttúrufræðistofnun Íslands og samstarfsaðilar unnu fyrir Landsvirkjun sumarið 2000 í tengslum við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar. Yfirlit yfir aðrar náttúrufræðisráðgjafar er að finna í skýrslu Náttúrufræðistofnunar: Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001). Rannsóknirnar byggja á tillögum Náttúrufræðistofnunar sem lagðar voru fram vorið 2000 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2000).

Á grundvelli tillagna Náttúrufræðistofnunar var gerður samningur við Landsvirkjun (dags. 24. júlí 2000) um öflun gagna um náttúrufræði á fyrirhuguðu áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar eins og því er lýst í skýrslu Landsvirkjunar: „Kárahnjúkavirkjun allt að 750 MW. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun“. Í samningnum var gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun tæki saman greinargerð um gróður og fugla á áhrifasvæði Hraunaveitu á grundvelli fyrirliggjandi gagna en að aðrar rannsóknir yrðu unnar sumarið 2001.

Í skýrslu Náttúrustofu Kópavogs, Veidimálastofnunar og Líffræðistofnunar háskólans eru rakin áhrif breytinga á vatnafari á vistkerfi vatnsfalla, tjarna og stöðuvatna á Hraunum og ofanverðum Múla (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2001). Þar er skýrt frá megineinkennum og sérkennum þeirra straum- og stöðuvatna sem fyrirsjáanlega verða fyrir áhrifum vegna Kárahnjúkavirkjunar; ár og stöðuvötn flokkuð í vistgerðir, mat lagt á verndargildi þeirra og hugsanleg áhrif virkjunar metin. Fjallað er áhrif fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á íslenska hreindýrastofninn í skýrslu Náttúrustofu Austurlands (Skarphéðinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir 2001) og um jarðfræðiminjar á áhrifasvæði virkjunarinnar í skýrslu Náttúrufræðistofnunar (Sigmundur Einarsson 2001).

Eftirfarandi samantekt byggir fyrst og fremst á tveimur skýrslum: „Gróðurfur við Folavatn austan Eyjabakka“ (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1995) og „Kynnisferðir um vatnasvæði Hraunaveitu – Gróðurfur“ (Kristbjörn Egilsson 1996). Upplýsingar um tilhögun framkvæmda eru byggðar á skýrslu VST (2001).

2 STADHÆTTIR

2.1 Múli og Hraun

Svæðið milli Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár er nefnt Múli og er hann víðast hvar vel gróinn upp fyrir Folavatn. Hraun eru víðáttumikil háslétta fyrir austan Kelduá og ná frá Þrándarjökli (1248 m) og norðausturhorni Vatnajökuls í suðri að Hornbrynju (961 m) í norðri. Stór hluti hásléttunnar er í 700–800 m hæð yfir sjó. Stöku fell og öldur standa upp úr og gefa sléttunni svip. Hæstu fellin eru næst Vatnajökli og mörg þeirra eru nafnlaus. Folavatn telst vera efst á Múla, auk þess eru mörg stöðuvötn á þessu svæði. Helstu vötn á Hraunum talið frá norðri eru: Ódáðavötn, Leiruvatn, Líkárvatn, Bótarvatn, Hamarsvatn, Sauðárvatn og vötn í Vatnadæld: Kelduárvatn, Innstavatn, Miðvatn og Fremstavatn. Margar ár og lækir falla í og úr þessum vötnum og síðan til Héraðs og Austfjarða.

Hraun eru að mestu þakin melum og urðum, oft stórgrýttum. Gróðurfar er yfirleitt fremur einhæft enda snjóþyngsli mikil og svæðið í 700–800 m hæð yfir sjó. Þrátt fyrir að gróður sé hvorki hávaxinn né áberandi á þessum slóðum landið er miklu betur gróið en virðist við fyrstu sýn og er snjódældagróður ráðandi (1. mynd). Snjódældir með snjómosa og grasvíði eru mest áberandi og einnig finnast snjódældir með snænarfagrasi. Óvenju stór og samfelld snjódældasvæði skapa svæðinu sérstöðu.


2.2 Folavatn

Haustið 1993 var gróður kannaður umhverfis Folavatn á svæði sem liggur í 660–680 m hæð yfir sjó og er um 6,9 km². Folavatn er skammt austan Eyjabakka, að sunnan er Múlahraun en Heiðarárbugar að norðan. Folakvísl kemur úr vatninu að austanverðu og fellur til norðausturs og sameinast fljótlega Kelduá. Svæðið er að mestu gróið (2. mynd).

Að áformuðu lónstæði liggja lágir ásar og rennur Kelduá um flatlendið. Vestur af ánni að Folavatni er einnig flatlendi. Sunnan og austan við Folavatn er samspil í landslagi skemmtilegt; lág grýtt holt, kílar og lægðir með votlendi og tjörnum, umgirt gróðurlitlum ásum.

1. mynd. Gróðurlit RALA af Hraunum, sem birtist upphaflega í skýrslu Kristbjarnar Egilssonar (1996).

2. mynd. Gróðurlit RALA af nágrenni Folavatns sem birtist upphaflega í skýrslu Kristbjarnar Egilssonar og Harðar Kristinssonar (1995). Ath. Lónstæði Kelduárlóns er á kortinu miðað við 668 m vatnsborð en ekki 669 m eins og nú er áformað. Skýringar á táknum eru í 5. viðauka.




Gróðurkort af Hraunum

19960520

- Mosabemba, algróið, hálfgróið
- Snjódældagróður, algróið, hálfgróið
- Kvistlendi, algróið, hálfgróið
- Annar þurrlendisgróður, algróið, hálfgróið
- Votlendi
- Land minna en að þriðjungi gróið
- Vatn
- Áformuð lón

Gróður: Rannsóknastofnun landbúnaðarins / Náttúrufræðistofnun Íslands
Stíflur og lón: Orkustofnun




VOD-JK-760 Rala/NI
1996.05.0095 SV

Byggt á óútgefnum gróðurkortum í 1:20.000.
Umsjón: Guðmundur Guðjónsson (Rala/NI)
Unnið í landfræðilegu upplýsingakerfi (Arc/Info®).
Tölvuvinnsla og kortagerð: Skúli Víkingsson (OS).
Hnitun: Elfur Sif Sigurðardóttir (OS).
Filmuvinnsla og prentun: Oddi.
Útgáfuár: 1996.

Staðsetningarkort

- Tölur á staðsetningarkorti tákna kortnúmer OS-korts
- Lón
- Jarðgöng
- Stífla
- Skurður, pipuskurður



3. mynd. Einfaldað gróðurkort af Folavatnssvæði.

Gróður: Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Stífla og lón: OS

Lónhæð: 668 m byggð á líkani Hnits hf og kortum OS

Gróðurþekja

x = meira en 2/3 gróið


z = 1/3 til 2/3 gróið

þ = minna en 1/3 gróið

IE VOD-JK SV
19960313

0 1 km

19950713



3 AÐFERÐIR

3.1 Gróðurkort

Gróðurkort af Hraunum (1. mynd) og Ódáðavatnssvæðinu hafa verið teiknuð í mælikvarðanum 1:20.000. Kortin voru unnin af Rannsóknastofnun Landbúnaðarins og Orkustofnun og upphaflega birt í skýrslu Kristbjarnar Egilssonar (1996) ásamt ítarlegri samantekt Skúla Víkingssonar um stærð hvers gróðurlendis. Til er handrit að gróðurkortinu í mælikvarðanum 1:20.000 af áformuðu lónstæði við Folavatn eins og það leit út skv. hugmyndum upp úr 1990 (Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1995). Einfölduð útgáfa af kortinu birtist hér sem 2. mynd.

3.2 Gróðurathuganir

Haustið 1993 var farin rannsókniferð á vegum Orkustofnunar til að gera úttekt á gróðurfari, jarðfræði og vatnsbúskap á hugsanlegu lónstæði við Folavatn vegna Hraunaveitu. Markmið rannsókna var að afla sambærilegrar þekkingar á náttúruferri svæðisins og fyrir lágu varðandi önnur virkjanasvæði á Austurlandi.

Dvalið var á rannsóknarsvæðinu 8. og 9. september 1993 og gróðurfari þeirra svæða, sem horfið gætu undir vatn yrði af virkjun, skoðað ásamt næsta nágrenni. Veður var hið ákjósanlegasta báða dagana. Þátttakendur í ferðinni voru Einar Þórarinsson Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, Hákon Aðalsteinsson Orkustofnun, Hörður Kristinsson og Kristbjörn Egilsson Náttúrufræðistofnun Íslands (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1995).

Rannsóknarsvæðinu umhverfis Folavatn (Kelduárveita) var skipt niður í reiti (10 x 10 km) sem byggjast á reitaskiptingu Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna (Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Hverjum 10 x 10 km reit var síðan skipt niður í 2 x 2 km reiti. Þessi reitastærð er notuð við gerð útbreiðslukorta fyrir háplöntur og láglöntur. Samtals voru gengnir sex reitir 2 x 2 km að stærð. Í hverjum reit voru skráðar háplöntur og fléttur og safnað eintökum af mosum, fléttum og sveppum. Lýsing var skráð á þeim gönguleiðum sem farnar voru.

Á áhrifasvæði Hraunaveitu austan við Folavatn hafa engar rannsóknir verið gerðar á útbreiðslu og tegundafjölbreytni háplantna, mosa, flétta og sveppa. Þetta svæði var kannað lauslega af grasfræðingi árið 1994 (Kristbjörn Egilsson 1996).

3.3 Athuganir á fuglum

Engar skipulegar rannsóknir hafa verið gerðar á fuglum á Múla eða Hraunum. Á árunum 1979–1984 og 1991 voru hreindýratalningar í júlí nýttar til að kanna fuglalíf úr lofti, einkum við Folavatn (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Skarphéðinn Þórisson 1993, óbirt). Þá voru fuglar skoðaðir við Folavatn í tenglum við rannsóknir á gróðri í ágúst 1977 (Kristbjörn Egilsson 1981) og vatnalífi í ágúst 2000 (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2001).

4 KELDUÁRVEITA (FOLAVATN)

Ætlunin er að stífla Kelduá neðan Folavatns með 1450 m langri stíflu. Hún verður hæst 25 m í farvegi Kelduár og krónuhæð í 672,5 my.s (VST 2001). Gert er ráð fyrir hefðbundinni jarðvegsstíflu með þéttikjarna úr jökulruðningi og verður efnismagn um 600 þúsund m³. Efni í stoðfyllingu og síu verður tekið úr námu við Kelduá (innan væntanlegs lónstæðis) og grjótvörð úr námu við stíflustæðið í Jökulsá eða úr námu rétt austan Kelduár, neðan við væntanlegt stíflustæði. Jökulruðningur verður tekinn úr námu á austanverðu fyrirhuguðu stíflustæði. Ofan stíflunnar myndast svokallað Kelduárlón, miðlunarlón með yfirfallshæð í 669 m y.s., og verður það um 8 km² í hæstu stöðu.

Yfirfall er fyrirhugað vestast í stíflunni og rynni það að mestu eftir farvegi Innri-Heiðarár um 8 km leið í Jökulsá (leið K2). Búast má við nokkru rofi á grónu landi við þessa tilhögun og því er til skoðunar að veita yfirfallsvatninu til Kelduár skammt neðan stíflustæðisins með fyrirstöðu og skurði neðan yfirfallsins (leið K3).

Vatni er veitt til Jökulsár um 2,0 km löng og 5,0 m víð jarðgöng. Botn aðrennsliskurðar jarðganga verður 652 m y.s. og lengd hans um 500 m en hann mun liggja innan lónstæðisins. Botn frárennsliskurðar jarðganga verður í um 650 m y.s. en hann er 150 m á lengd. Við neðri enda jarðganga (Jökulsármegin) yrði stjórnhús með lokubúnaði. Efni úr göngunum verður um 60.000 m³ og verður komið fyrir á haugstæðum skammt austan við Ufsarlón.

4.1 Gróðurkort og gróðurfur á áhrifasvæði Kelduárveitu

Gróðurkort af lóni við Folavatn hefur verið teiknað í mælikvarðanum 1:20:000 (2. mynd, sjá skýringar í 5. viðauka). Þar er gert ráð fyrir heldur minna lóni (yfirfallshæð 668 m) en nú er til umræðu. Í 1. töflu eru sýndar niðurstöður mælinga á stærð gróðurlenda í minna lóninu.

1. tafla. Flatarmál gróðurlenda í Kelduárlóni eldra (668 m. y.s.) skv. RALA (1995).

Gróðurlendi	km ²	%
Stinnastararmór G2	2,51	36
Snjóðældir I2	1,50	22
Mosaþemba A4	0,02	<1
Graslendi H1	0,02	<1
<i>Þurrlandi samtals</i>	<i>4,05</i>	<i>58</i>
Deiglandi – jaðar T5	0,43	6
Stinnastarar–hengistararmýri U1	0,68	10
Flóar V3 V4	0,06	1
<i>Votlendi samtals</i>	<i>1,18</i>	<i>17</i>
GRÓÐ LAND SAMTALS	5,22	75
Melar Me (gt)	0,46	7
Áreyrar (leirur)	0,05	1
Vötn og ár	1,15	17
ÓGRÓÐ LAND SAMTALS	1,66	25
Heildarflatarmál	6,92	100

Í 1. töflu sést að 5,2 km² svæðisins eru algrónir sem er 75% svæðisins. Þar af er þurr-
lendi 58%, en votlendi 17%. Ógróið land er um 8% svæðisins en vötn og ár um 17%.

Samfelldur gróður er á svæðinu og er mest um stinnastararmó með víði (2,5 km²). Hann birtist í allmörgum tilbrigðum eftir því hvernig landi er háttað. Svæðið umhverfis Folavatn er t.d. nær allt vaxið stinnastararmó og einnig rannsóknarsvæðið austan við Kelduá. Næstar að umfangi eru snjóðældir (1,5 km²) og eru þær mestar um miðbik rannsóknarsvæðisins. Um 58% svæðisins er gróið þurrlendi. Á milli, þar sem land stendur lægra og er þar af leiðandi blautara, dafnar votlendi (1,2 km²) eða um 17% svæðisins. Hér á eftir verður greint frá helstu gróðurlendum sem finnast á svæðinu og tegundum sem í þeim vaxa. Fyrst verður fjallað um bersvæðisgróður, þá þurrustu svæðin og endað á votlendinu.

4.1.1 Bersvæðisgróður (melar)

Melar ná yfir um 0,46 km² eða 7% lónstæði og einkenna þeir hæðir og ása. Auk þess eru melaskellur hér og þar í gróna landinu. Þær eru það litlar að þær koma ekki fram á gróðurkortinu sem hér er sýnt (2. mynd).

Á melum er þekja gróðurs lítil og eiginlegur jarðvegur fátæklegur. Melarnir eru yfirleitt grýttir og sums staðar stórgrýttir en misfíngerð mól á milli. Annars staðar er melurinn fínkornóttur og þéttur. Háplöntutegundir standa strjált en tegundafjöldinn er þó nokkur. Melategundirnar eru yfirleitt smávaxnar, skriða með jörðu, eða mynda litlar þúfur. Af algengum tegundum á melunum má nefna grasvíði, kornsúru, krækilyng, geldingahnapp, þúfusteinbrjót, vetrarsteinbrjót, blásveifgras, móastör, blávingul, túnvingul, lambagras, fjallasveifgras, músareyra, fjallhæru og beitieski. Einnig má finna snæsteinbrjót, holtasóley og móasef.

Aðstæður eru fremur erfiðar fyrir mosa á melunum og því vaxa þar fremur fáar tegundir, aðallega þær sem ná að festa sig á grjóti, í sprungur eða finna afdrep hlé-
megin við steina. Nefna má: *Andreaea rupestris*, *Ceratodon purpureus*, *Dicranoweisia crispula*, *Pogonatum urnigerum*, *Pohlia drummondii*, *Polytrichum juniperinum*, *Polytrichum piliferum*, *Racomitrium canescens* og *Racomitrium ericoides*.

Margar fléttutegundir vaxa á melum og eru svo til eingöngu á steinum. Á stórum staksteinum eru geitaskófir (*Umbilicaria* spp.) oft áberandi. Algengar um allt svæðið eru *U. cylindrica*, *U. hyperborea*, *U. probocidea* og *U. torrefacta*. *Umbilicaria arctica* vex einkum á klettum sem standa hátt. Sjaldgæfari er *U. aprina*. Með geitaskófunum vaxa oft ullarskófir, einkum *Pseudephebe pubescens* og blaðfléttan *Cetraria hepaticozon*. Aðeins ein tegund *Stereocaulon rivulorum* vex hér og þar í lausri mól. *Stereocaulon arcticum* (vikurbreyskja) er sums staðar í flögum, bæði á melum og í mólendi. Nokkrar hrúðurfléttur eru algengar á öllum steinum, stórum og smáum og hafa skilyrði til að vaxa um allt svæðið. Algengastar eru *Lecidea praenubila*, *L. Lapidica*, *Lecanora polytropa*, *Tremolecia atrata*, *Rhizocarpon geographicum*, *Porpidia flavocaerulescens*, *P. metinoides* og *Sporastatia testudinea*.

4.1.2 Þurrlandisgróður

4.1.2.1 Mosapemba

Mosapemba er einungis 0,02 km² sem er innan við 1% svæðisins. Mosapembuna er að finna við suðaustanvert Folavatn, á lágum grýttum holtum. Tegundasamsetning háplantna og gróska er mjög svipuð og frá var greint á melum. *Racomitrium ericoides* og *R. lanuginosum* eru ríkjandi mosategundir.

4.1.2.2 Stinnastararmór

Stinnastararmór er víðfeðmasta gróðurlendið á svæðinu. Hann nær yfir 2,5 km², (36%). Svæðið umhverfis vatnið er t.d. nær allt vaxið stinnastararmó og einnig rannsóknarsvæðið austan við Kelduá. Stinnastararmórinn birtist í allmörgum tilbrigðum eftir því hvernig landi er háttað. Víðast eru grávíðir og grasvíðir ríkjandi með stinnastörinni, sums staðar er snjódældablær á mónum og enn annars staðar eru grös áberandi með stinnastörinni. Af öðrum tegundum má nefna geldingahnapp, mosalyng, kornsúru, lambagras, tröllastakk, túnvingul, fjallapunt, blásveifgras, axhæru, krækilyng, ólafssúru, hálmgresi, gullbrá, beitieski, beitilyng, burnirót, músareyra, fjallhæru, smjörgras klóelftingu, hrafnaklukku og bláberjalýng.

Af algengum mosategundum í stinnastararmónum má nefna *Bartramia ithyphylla*, *Sanionia uncinatus*, *Hylocomium splendens* og *Polytrichum alpinum*.

Af fléttum eru *Cladina arbuscula* (hreindýrakraókar), *Cetrariella delisei* (mundagrös), *Cladonia stricta* (fjallabikar), *C. borealis* (skarlatbikar), *Stereocaulon alpinum* (grá-breyskja), *Ochrolecia frigida* (broddskilma) og *Pertusaria oculata* (snepaskán) einna algengastar í mónum. Auk þess er töluvert af engjaskófum í þessu gróðurlendi, einkum *Peltigera cania* (engjaskóf) og *P. leucophlebia* (díflaskóf).

Af sveppum eru *Laccaria laccata*, *Omphalina rustica* og nokkrar *Cortinarius*-tegundir algengastar.

4.1.2.3 Snjódældagróður

Snjódældir ná yfir 1,5 km² landsvæði, sem eru 22% rannsóknarsvæðisins. Stærstu svæðin eru við Folakvísl og syðst við Kelduá. Víða eru snjódældir og bollar innan um í öðrum gróðurlendum, einkum mólendinu, en þau sjást ekki á kortinu vegna smæðar.

Snjómosinn heiðahéla (*Anthelia juratzkana*) er ríkjandi tegund. Með henni vex oft mikið af grasvíði, jafnvel svo mikið að sums staðar mætti kalla grasvíðidæld. Í dýpri dældum og bollum, meðfram lækjum og í skorningum þar sem snjór liggur enn lengur verður tegundafjölbreytnin meiri. Má þar finna grámullu, fjallasmára, túnsúru, túnfífil, rjúpstör, lækjarfræhyrnu, fjallasveifgras, fjalladeplu, brennisóley, klukkublóm, smjörgras, augnfró, burnirót, brjóstagras, maríustakk, beitieski, mosalyng, stjörnusteinbrjót og lambagras. Á einum stað við vatnið suðaustanvert fannst reyrgresi í snjódæld í 675 m hæð en það er með efri hæðamörkum þessarar tegundar.

Aðrir mosar í snjódældunum eru helstir *Brachythecium glaciale*, *Kiaeria starkei*, *Lescureae radicata*, *Pleurocladula albescens*, *Polytrichum sexangulare* og *Racomitrium sudeticum*.

Fléttur eru víða í snjódældum, sumar þær sömu og í mónum, en að auki *Cladonia ecomocyna* (lautabikar), *Peltigera kristinsonii* (dældaskóf) og *Psoroma hypnorum*.

4.1.3 Votlendisgróður

4.1.3.1 Deiglendi – jaðar

Deiglendi er að finna með bökkum Kelduár austast á svæðinu. Það er um 0,4 km² að flatarmáli sem er um 6% svæðisins. Þarna eru hálmgresi, klófífa, hrafnafífa og hengistör ríkjandi. Mosinn bleytuburi (*Sphagnum teres*) er víða áberandi. Gróðurþekja er yfirleitt gisin.

4.1.3.2 Mýri

Mýri er 0,7 km² eða 10% svæðisins. Stærsta votlendissvæðið er milli Folavatns og Kelduár. Þar er að finna dæmigerða og gróskumikla hálandismýri. Stinnastör og hengistör eru ríkjandi en klóffífluflákar og hrafnafífusund eru hér og þar. Grasvíðir, grávíðir, kornsúra, gullbrá og hrafnaklukka ásamt engjarós auka á fjölbreytnina. Tjarnir eru víða mosavaxnar. Má þar finna t.d. mosana *Scorpidium revolvens*, *Calliergon giganteum* og *Scorpidium scorpioides*. Í mýrinni sjálfri er fjöldi mosategunda, svo sem *Calliergon richardsonii*, *Camphylium stellatum* og *Meesia uliginosa*.

Í uppbornuðu tjarnarstæði vaxa snænarfagras, naflagras, rauðstör, hálmgresi, kló-elfting og flagasef.

4.1.3.3 Flói

Á litlum blettum norðan og vestan við Folavatn er klóffíflu- og hengistararflói. Einungis 0,06 km² eða 1% rannsóknarsvæðisins eru flóar. Flóinn einkennist af tegundafæð en gróska þeirra tegunda sem vaxa á hverjum stað getur hins vegar verið mikil. Vatn hylur gróðursvörðinn nema í mestu þurrkum. Af algengum mosum má nefna *Scorpidium revolvens*, *Calliergon giganteum* og *Scorpidium scorpioides*.

4.2 Flóra á áhrifasvæði Kelduárveitu

Í 1.– 4. viðauka eru listar yfir þær tegundir sem skráðar voru og/eða safnað hefur verið á svæðinu. Listarnir hafa að geyma háplöntur, mosa, fléttur og sveppi. Auk þeirra tegunda sem skráðar voru 1993 eru á listunum tegundir sem fundust í ferð sem farin var um hluta svæðisins í ágúst 1977 (Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson 1981). Tegundunum er raðað í stafrófsröð eftir latneskum heitum ættkvíslanna. Íslensk heiti eru á öllum tegundum sem hlotið hafa nafn. Þetta á við um allar háplöntutegundirnar og hluta hinna hópanna.

Flóru-listarnir voru endurskoðaðir í febrúar 2001 með tilliti til nýrra upplýsinga um fræðiheiti, sjaldgæfar tegundir og tegundir á válista (Náttúrufræðistofnun 1996).

2. tafla. Fjöldi plöntutegunda við Folavatn.

Folavatn	Fjöldi
Háplöntur	95
Mosar	93
Fléttur	95
Sveppir	20
Heildarfjöldi	303

4.2.1 Háplöntur

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 95 tegundir á rannsóknarsvæðinu (1. viðauki) auk ættkvísla túnfífla og undafífla. Af þeim fundust 43 tegundir í öllum reitunum, eða 46%. Sex tegundir og ein ættkvísl fundust aðeins í einum reit eða 6% tegundanna. Samanborið við nálæg svæði, sem hafa verið rannsökuð á sama hátt t.d. Eyjabakka, Vesturöræfi og Fljótsdalsheiði (Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson 1981), er tegundafjöldi í reit vel ofan við meðallag. Allar tegundir blómplantna sem fundust á svæðinu eru algengar á landsvísu.

Um nafngiftir háplantna er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986).

4.2.2 Mosar

Safnað var eintökum af mosum á rannsóknarsvæðinu sem Bergþór Jóhannsson á Náttúrufræðistofnun Íslands greindi til tegunda á rannsóknarstofu. Alls fundust 93 mosategundir á svæðinu (2. viðauki).

Mosar eru mikilvægur undirgróður þar sem samfelld gróðurhula er, svo sem í votlendi og mólendi. Annars staðar þar sem eru gróðurlitlir melar, eru skilyrði fyrir mosa slæm og þar ná þeir aldrei verulegri þekju en vaxa einkum með öðrum gróðri þar sem raki er, eða á klettum og steinum.

Tegundirnar 93 sem fundust eru flestar algengar á landsvísu við svipaðar aðstæður en fjórar hafa þó nokkra sérstöðu:

- Klettatoti *Arctoa andersonii* er tegund fannst nú í fyrsta sinn norðan Vatnajökuls. Hún hefur aðalútbreiðslu í Mýrdal og á Suðvesturlandi en er afar sjaldgæf á báðum svæðunum. Á heimsvísu er þessi tegund sjaldgæf.
- Stafdoppa *Pseudocalliergon trifarium* er norðlæg tegund sem er sjaldgæf en finnst um land allt.
- Flyksmosi *Peltolepis quadrata*. Þetta er nýr fundarstaður fyrir tegundina á landinu. Áður hefur hún einungis fundist í Esjufjöllum. Þessa tegund má búast við að finna á fleiri stöðum á hálendinu.
- Mjallmosi *Sauteria alpina* er sjaldgæf fjallategund sem finnst á nokkrum stöðum á landinu.

Um nafngiftir mosa er farið eftir Bergþóri Jóhannssyni (1983 og 1990–2000). Þar sem þessi rit ná ekki yfir allar íslenskar nafngiftir á mosum voru einnig fengnar munnlegar upplýsingar frá Bergþóri. Fáeinar nafnabreytingar hafa orðið á mosum frá því að Fölvatnsskýrslan var gefin út 1995 (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1995) og er þeim fylgt í þessari útgáfu.

4.2.3 Fléttur

Hörður Kristinsson skráði fléttur á vettvangi á þar til gerða lista. Auk þess var safnað eintökum af þeim tegundum sem ekki er unnt að greina á staðnum og þær greindar til tegunda á rannsóknarstofu. Alls fundust 95 fléttutegundir auk 5 ættkvísla á svæðinu (3. viðauki). Tvær tegundir sem fundust við Fölvatn geta talist sjaldgæfar á landsvísu.

Af tegundum sem voru greindar vaxa 35 á grjóti, þar af 22 hrúðurfléttur, en afgangurinn í grónu landi á jarðvegi eða kvistum. Til skamms tíma eða fram að 1995 var hrúðurfléttum á grjóti sleppt við sambærilegar rannsóknir nema í Arnardal (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1994) og ber að hafa það í huga þegar fjöldi tegunda er borinn saman milli svæða. Tvær fléttutegundir hafa nokkra sérstöðu:

- Snæþemba *Brodoa oroarctica* er áreiðanlega sjaldgæf tegund nema á nokkrum stöðum á hálendi Austurlands. Hún fannst fyrst á fjallinu fyrir ofan Skjöldólfsstaði á Jökuldal. Seinna hefur hún fundist hinum megin við dalinn á fjallinu ofan við Gauksstaði og loks á Hofteigsheiði. Nú fannst hún á þremur stöðum við Fölvatn. Bendir því flest til að hún muni vera hér og þar á hálendinu umhverfis Jökuldal og Fljótsdal.
- Firnamara *Ionaspis ventosa* er tegund sem fyrst var lýst árið 1989 eftir eintökum frá Norður-Skandinavíu og einu eintaki frá Síðumannaafretti, safnað af Steindóri Steindórssyni 1937. Hún fannst svo á Arnardalssvæðinu 1993 og var mikið af henni þar (Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson 1994). Þessi

tegund er því trúlega nokkuð útbreidd á hluta af miðhálandi Íslands en hefur ekki verið fundist fyrr vegna þess hve hrúðurfléttur á grjóti hafa lítið verið rannsakaðar hérlandis.

Báðar þessa fléttur vaxa fyrst og fremst á klettum sem standa hátt og munu því ekki vera í hættu þótt vatn fylli dældir á svæðinu. Nafngiftir á fléttum eru í samræmi við Íslenskt sveppatal III. Fléttur (Hörður Kristinsson 2001, í prentun).

4.2.4 Sveppir

Sveppum var safnað á svæðinu og sýnin þurrkuð. Aðeins stórsveppum var safnað, þ.e. hattsveppum og stærstu asksveppum. Myndir voru teknar af flestum tegundunum. Helgi Hallgrímsson tók að sér smásjárrannsókn og greiningu sveppanna eftir því sem tók voru á, en íslenskir hálandis- og fjallasveppir tilheyra ættkvíslum sem sumar hverjar eru erfiðar í greiningu og tegundir þeirra illa skilgreindar.

Hafa ber í huga að sveppir sjást ofanjarðar aðeins fáar vikur á ári og á mismunandi tíma eftir tegundum og árferði. Hér er því um að ræða þær tegundir sem voru með hattmyndun á þeim tíma sem farið var um svæðið. Því er ekki um tæmandi lista að ræða, heldur segir hann aðeins hvaða tegundir voru gróbærar á þessum tíma.

